

Bókun vegna ákvæðis í kjarasamningum BHM félaga og/eða úrskurði gerðardóms um 1,65% til útfærslu í stofnanasamningi frá 1. júní 2016

Útfærsla sem á við þá starfsmenn Háskóla Íslands sem taka laun samkvæmt starfsmatskerfinu SKREFi

Aðildarfélag BHM lögðu áherslu á aukið vægi menntunar í launasetningu félagsmanna sinna í kjarasamningsviðræðum við Fjármála- og efnahagsráðuneytið árið 2015, m.a. með þeim rökum að launasetning skyldi taka mið af tilkostnaði við öflun þekkingar. Í málflutningi aðildarfélaga BHM kom fram nauðsyn þess að veita auknu fjármagni til stofnana til að gera þeim kleift að endurskoða röðunar- og menntunarákvæði stofnanasamninga. Sem kunnugt er leiddu viðræður þeirra stéttarféлага sem höfðu ákveðið að hafa með sér samflot um samningsgerð við Fjármála- og efnahagsráðuneytið ekki til niðurstöðu. Í kjölfar verkfalla, bæði tímabundinna og ótímabundinna, samþykkti Alþingi 13. júní 2015 lög nr. 31/2015 og var deilunni í framhaldinu vísað til gerðardóms. Gerðardómur ákvað m.a. í úrskurði sínum, 14. ágúst 2015, að veita skyldi fjármagni sem næmi 1,65% launakostnaðar til stofnana frá 1. júní 2016 til útfærslu menntunarákvæða í stofnanasamningi eftir því sem þörf væri á og eftir atvikum vegna annarra þátta. Menntun skyldi metin í ljósi þess hvort hún nýttist í starfi viðkomandi og væri á fagsviði hans. Þau stéttarfélag BHM sem áttu ósamið við Fjármála- og efnahagsráðuneytið við úrskurð gerðardóms sömdu um þau 1,65% sem hér um ræðir í kjarasamningum síðar á árinu.

Í samræmi við kjarasamninga og /eða úrskurð gerðardóms ákvað samráðsnefnd háskólaráðs að auka vægi menntunar í starfsmatskerfinu SKREFi með fjölgun stiga. Laun þeirra sem falla undir matskerfið hækka í samræmi við það um 1,65% að meðaltali frá 1. júní 2016.

Taflan að neðan er til skýringar

Mat á námi í starfsmati	Ár	ECTS	Stig	Heildarstig	Var
BA/BS	3	180	95	95	90
BA/BS til 4 ára	4	+60	30	125	120
MA/MS	2	+120	85	180	160
Dr próf	4-5	-	60	250	220

Guðm. R. Jónsson
Linnéa R. Jónsson
Jenny Jónsson